

Kópavogsbær  
b.t. Guðrún Pálsdóttir bæjarstóri  
Fannborg 2  
200 Kópavogur

Reykjavík, 23. nóvember 2010

### Efni: Beiðni um ferðapjónustu

Til undirritaðs hefur leitað Steinvör Thorarensen, kt. 181162-5469, Laufbrekku 21, 200 Kópavogi f.h. sonar síns Odds Stefánssonar kt. 180493-3879 og falið undirrituðum lögmanni að gæta réttar sonar síns gagnvart Kópavogsbæ.

Umbjóðandi minn, Oddur Stefánsson, stundar fullt nám við Flensborgarskóla auk þess sem hann er í gítarnámi. Þá vinnur umbjóðandi minn tvisvar í viku á Blindravinnustöð. Umbjóðandi minn er hins vegar blindur og þarfnast hann því ferðapjónustu til að geta stundað nám sitt, atvinnu og tómstundir enda getur hann ekki nýtt sér almenningsfarartæki. Þá þjónustu er sveitarfélagið Kópavogur skuldbundið til að veita umbjóðanda mínum skv. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra (LMF).

Réttur umbjóðanda míns til ferðapjónustu er fortakslaus og felur það í sér að Kópavogsbæ beri að veita honum ferðapjónustu sem hefur það að markmiði að gera honum kleift að *stunda atvinnu, nám og njóta tómstunda*.<sup>1</sup> Ákvæðið er skýrt og er ekki til að dreifa sérákvæðum eða undanþágum sem leysa ákveðin sveitarfélög undan umræddri skyldu.<sup>2</sup> Þessu til viðbótar kemur fram í 42. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 (LFS) að félagsmálanefnd sveitarfélags skuli vinna að því að fötluðum séu tryggð *sambærileg lífskjör og jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna*. Þá skulu fötluðum jafnframt sköpuð skilyrði til að lifa sem *eðlilegustu lífi miðað við getu hvers og eins*. Þessi ákvæði leggja athafnaskyldur á viðkomandi opinbera aðila. Þeim ber að veita þjónustu sem gerir fötluðum einstaklingum kleift að lifa og starfa, eftir fremsta megni, í eðlilegu samfélagi með sama hætti og ófatlaðir einstaklingar.<sup>3</sup>

Umbjóðandi minn hefur kost á því að lifa nokkuð eðlilegu lífi samanborið við aðra 17 ára drengi sem eru ófatlaðir. Það er hins vegar háð því að hann njóti ferðapjónustu sem tekur mið af fötlun hans og ekki síður því eðlilega lífi sem hann vill lifa. Það leiðir t.d. af eðli máls að hvorki nám, atvinna né tómstundir umbjóðanda míns taka tillit til þess hvenær hann getur mætt. Þvert á móti ber umbjóðanda mínum, líkt og þorra almennings, að mæta til náms, atvinnu og tómstunda á tilskyldum tíma. Þá er ekki alltaf fullkomin regla á því hvenær honum ber að mæta á tiltekna staði eins og gengur og gerist.

<sup>1</sup> Um akstur til og frá skóla skal tekið fram að samkvæmt lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, er sveitarfélögum skylt að sjá um akstur skólabarna að kostnaðarlausu. Það gildir jafnt um fötluð sem ófötluð börn.

<sup>2</sup> Geta sveitarfélög því ekki vikist undan því að setja slíkar reglur vegna sérstakra aðstæðna svo sem vegna smæðar eða fámennis (Sjá álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2625/1998)

<sup>3</sup> Sjá dóm Hæstaréttar í máli nr. 177/1998

Það er því ljóst að umbjóðandi minn getur lifað nokkuð eðlilegu lífi en til þess þarf hann að njóta ferðapjónustu sem tekur mið af sérþörfum hans en ekki sérþörfum annarra. Í því samhengi er vert að geta þess að umbjóðandi minn þarfnast ekki sérútbúinna bifreiða eða annars sérstaks útbúnaðar. Umbjóðandi minn þarf hins vegar að komast ferða sinni með skilvirkum hætti enda krefst þátttaka hans í eðlilegum athöfnum 17 ára drengs þess að hann geti sinnt erindum sínum á tilskildum tíma. Núverandi fyrirkomulag hentar því ekki umbjóðanda mínum enda er það ekki miðað að þörfum umbjóðanda míns. Auk þess er það svifaseint, óáreiðanlegt og í fullkomnu ósamræmi við þarfir hans. Núverandi fyrirkomulag útilokar því umbjóðanda minn frá eðlilegri þátttöku í námi, atvinnu og tómstundum í stað þess að greiða fyrir henni.

Þarfir umbjóðanda míns eru m.a. að komast til og frá skóla á hverjum degi, í og úr gítarnámi og til og frá vinnu. Þá ferðapjónustu ber Kópavogsbæ, lögum samkvæmt, að veita umbjóðanda mínum. Hér með er því gerð sú krafa að Kópavogsbær útvegi umbjóðanda mínum mánaðalega allt að 60 ferðir með leigubíl á strætisvagnafargjaldi. Rétt er að geta þess að þetta fyrirkomulag er í samræmi við þann rétt sem einstaklingar í sambærilegri stöðu njóta hjá öðrum sveitarfélögum t.a.m. hjá Reykjavíkurborg.

Umbjóðandi minn minnir jafnframt á að tveir blindir einstaklingar hafa á árinu 2010 fengið slíkan samning við Kópavogsbæ. Af því leiðir að eðlislíkt tilfelli umbjóðanda míns eigi að fá sömu meðferð. Jafnræðisregla 11. gr. stjórnarsýslulaga og 65. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins leiðir óhjákvæmilega til þess að sambærileg mál hljóti sambærilega meðferð hjá stjórnvaldi. Stjórnarsýslufordæmi eru því almennt bindandi fyrir viðkomandi stjórnvald en stjórnvöldum ber ávallt að gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Þegar stjórnvald hefur byggt ákvörðun um tiltekið atriði á ákveðnum sjónarmiðum leiðir jafnræðisregla stjórnarsýslulaganna til þess að almennt, þegar sambærileg mál eru til úrlausnar hjá samskonar stjórnvaldi, beri að leysa úr þeim á grundvelli sömu sjónarmiða og með sömu áherslum og gert var við úrlausn hinna eldri mála. Verður aukinheldur rík krafa gerð til fordæmisgildis umræddra úrskurða sökum þeirra krafna sem gerðar eru til úrskurða sem varða mikilsverð réttindi eins og þau sem hér um ræðir. Strangar kröfur eru því gerðar til þess þegar stjórnvald víkur frá viðurkenndri stjórnarsýslufrákvæmd, en fyrir slíkri breytingu þurfa að vera málefnalegar og hlutlægar forsendur. Engar slíkar forsendur eru hins vegar fyrir hendi í því máli sem hér um ræðir né nokkur málefnaleg rök sem réttlæta að það sé gert.

Réttur umbjóðanda míns er skýr og varðar mikilsverða hagsmuni er lúta að grundvallarréttindum hans til þátttöku í samfélaginu. Kröfur hans í málinu eru skýrar, eðlilegar og afdráttarlaugar. Það er því farið fram á að erindi þessu verði svarað innan 7 daga frá dagsetningu þess. Ef nánari upplýsinga er þörf, vinsamlegast hafið samband við undirritaðan lögmann í síma 588-8933, eða í gegnum tölvupóst: [pall@reykjaviklegal.is](mailto:pall@reykjaviklegal.is)

Virðingarfyllt

Páll Rúnar M. Kristjánsson hdl.  
-MÁLFLUTNINGSSTOFA REYKJAVÍKUR | REYKJAVÍK LEGAL-



Fylgiskjal nr. 2

Málflutningsstofa Reykjavíkur  
b.t. Páls Rúnars Kristjánssonar, hdl.  
Kringlunni 7  
103 Reykjavík

Kópavogi, 12.11.2010  
1011009/302.06 BH

Efni: Upplýsingar um ferðaðþjónustu fatlaðra í Kópavogi

Á fundi bæjarráðs Kópavogs þann 11. nóvember sl. var lagt fram til afgreiðslu erindi þitt, þar sem óskað var eftir upplýsingum varðandi ferðaðþjónustu fatlaðra. Einnig var lögð fram umsögn frá félagsþjónustu Kópavogs með eftirfarandi svörum við spurningum þínum:

1. Hvaða reglur hefur sveitarfélagið sett sér um rekstur ferðaðþjónustu fatlaðra sbr. lokamálslið 1. mgr. 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra?

Vísað er til reglna um ferðaðþjónustu í Kópavogi sem samþykktar voru í bæjarráði Kópavogs 31. maí 2007.

2. Hvernig taka þær reglur mið af sérþörfum blindra sem alla jafna hafa aðrar þarfir en aðrir hópar fatlaðra?

Reglurnar taka ekki mið af sérþörfum fólks með mismunandi fatlanir heldur er markmið þeirra skv. 1. gr. að veita þeim ferðaðþjónustu sem ekki geta nýtt sér almenningsvagna.

3. Hversu margir fatlaðir einstaklingar hafa sótt um styrki eða greiðslur frá sveitarfélaginu vegna ferðaðþjónustu og hversu margir þeirra voru blindir?

Það sem af er þessu ári hafa 111 sótt um ferðaðþjónustu fatlaðra og þar af eru 13 einstaklingar sem eru blindir.

4. Hversu margir fatlaðir einstaklingar hafa fengið styrki eða greiðslur frá sveitarfélaginu vegna ferðaðþjónustu og hversu margir þeirra voru blindir?

Það sem af er árinu hefur engum sem fellur undir reglur um ferðaðþjónustu verið synjað um akstur og því hafa 111 fengið samþykktu ferðaðþjónustu, þar af 13 einstaklingar sem eru blindir. Einn af þeim umsækjendum hefur ekki nýtt sér aksturinn.



5. Hversu margir fatlaðir einstaklingar hafa fengið styrki eða greiðslur frá sveitarfélaginu vegna ferðaþjónustu vegna aksturs leigubifreiða og hversu margir þeirra voru blindir.?

Á þessu ári hafa fjórir einstaklingar fengið samning um akstur með leigubifreiðum þar sem sérstök rök hafa mælt með því, þar af eru tveir blindir. Um er að ræða undantekningartilvik.

Virðingarfyllt,



Guðrún Þálsdóttir  
bæjarstjóri



Kópavogur 15. desember 2010

Málflutningsstofa Reykjavíkur  
b.t. Páls Rúnars M. Kristjánssonar hdl  
Kringlunni 7  
103 Reykjavík

Á fundi um málefni fatlaðra sem haldin var 14. desember sl. var tekin fyrir umsókn þín um liðveislu fyrir Oddur Stefánsson, 180493-3879.<sup>1</sup>

Sótt er um 60 ferðir á mánuði með leigubíl á strætisvagnagjaldi vegna skóla, vinnu og tómsunda

Eftirfarandi bókun var gerð:

1. Samþykktar eru 60 ferðir á mánuði út skólaárið vegna skóla, vinnu og tómsunda.
2. Synjað er beiðni um að akstur verði með leigubíl. Bæjarráð Kópavogs ákvað á fundi sínum þann 18. mars að taka ekki þátt í samstarfi við Blindrafélagið um niðurgreidda leigubílaþjónustu til blindra. Sú akstursþjónusta sem stendur fötluðum íbúum Kópavogs til boða er akstursþjónusta á vegum Smartbíla. Árið 2010 hafa 111 einstaklingar fengið samþykka ferðaþjónustu, þar af 13 einstaklingar sem eru blindir. Fjórir einstaklingar hafa fengið samning um akstur með leigubifreiðum þar sem sérstök rök hafa mælt með því, þar af eru tveir blindir. Um er að ræða undantekningartilvik þar sem rökstudd beiðni liggur fyrir um að viðkomandi einstaklingar geti ekki með sannanlegum hætti nýtt sér þá almenna akstursþjónustu félagsþjónustunnar.

Þetta tilkynnist hér með.

  
Guðrún Garðarsdóttir  
ritari

<sup>1</sup> Ákvörðun þessari má skjóta til úrskurðar Félagsmálaráðs Kópavogs og skal erindi þess efnis berast ráðinu skriflega innan fjögurra vikna frá dagsetningu þessa bréfs.